



*Ljósafossstöðin í Sogi, fullgerð.*

## **Rafmagnsveitur fyrir allt Ísland**



## **Beveridge- áætlunin**

*Sir William H. Beveridge.*

Stjórnmálarit Alþýðutlokksins I.

Sigurður Jónasson:  
Rafmagnsveitur fyrir allt Ísland

Jón Blöndal:  
Alþýðutryggingar  
framítáarinnar

Reykjavík 1943 — Prentsmiðjan Edda h.f.

**Samvinnufélag  
Ísfirðinga**

ÍSAFIRÐI

Stofnað 1927

Innflutningur

á alls konar  
veiðarferum

Útflutningur

á alls konar  
fiski  
þorskalýsi  
og  
síðarafurðum

Jón Blöndal:

## Alþýðutryggingar framíðarinnar?

Stíustu daga nóvembermánaðar og í byrjun desember gerðust margir stórviðburðir í heimssstyrjöldinni: Bandaríkjaher gerði innrás í Norður-Afríku, franska flotanum var sökkð í Toulon-höfn og Rússar hófu nýja sókn á austurvígstöðvunum. En líti maður í brezk blöð um þetta leyti, þá lítur samt út fyrir að þessir stóratburðir hafi ekki verið aðalumræðuefni almennings í Bretlandi þessa dagana, heldur opinber skýrsla, nefndarálit um alþýðutryggingar, eða eins og það er kallað í Bretlandi: Áætlun Sir William Beveridge um félagslegt öryggi.

Híð þekktá enska blað Manchester Guardian segir að þessi skýrsla hafi vakið meiri athygli en nokkurt annað sambærilegt opinbert skjal í manna minnum. Annað blað segir að skýrslan hafi verið heimsviðburður og svipuð ummæli mætti lengi telja.

Íslenskir útvarpshlustendur heyrðu Svein Björnsson ríkisstjóra gera nokkra grein fyrir tillögum Beveridge í nýársræðu sinni og er ekki ósennilegt að ýmsa þeirra fýsi að fá nokkuð ítarlegri upplýsingar um efni þeirra. Verður þó aðeins hægt að stíkla á því stærsta.

Hver er þessi William Beveridge, kunna einhverjir

að spyrja? Er þetta ekki einhver angurgapi, sem ætla að setja allt á annan endann með róttækum, byltingarsinnuðum tillögum um að ríkið eigi að ábyrgjast félagslegt öryggi hvers einasta þjóðfélagsborgara svo að segja frá vöggum til grafar, að lögbjóða eigi tryggingar, sem komi í veg fyrir það að nokkur maður þurfi að lifa skort? *Fréisi frá skorti* eða öryggi gegn skorti, það er í raun og veru hófuðmarkmiðið og leiðarvísirinn í tillögum Beveridge.

Það er rétt að tillögurnar eru að ýmsu leyti mjög róttækar og djarf hugsaðar, en það er samt enginn ungæðislegur angurgapi, sem hefir sett þær fram.

William Beveridge er nú virðulegur prófessor í hagfræði við Oxford-háskóla, rúmlega sextugur að aldri. Hann var áður forstjóri hins þekktu hagfræðiskóla í London og er löngu orðinn einn af frægustu núlifandi hagfræðingum. Hann hefir um 30 ára skeið eða svo að segja frá upphafi, starfað að því að fullkomna ensku alþýðutryggingarnar. Þá átti hann þátt í því með Lloyd George, *manminum*, sem *vann fyrra stríðið*, að skapa sjúkratryggingarnar ensku, og með Winston Churchill, sem nú er forsætisráðherra Englands, undirbjó hann atvinnuleysistryggingarnar, sem ef til vill er fullkonnasti þátturinn í ensku alþýðutryggingunum.

Á því sviði trygginganna var England forgönguandið og í útvarpsræðu, sem Beveridge hélt rétt eftir að skýrsla hans kom út, lét hann þá von í ljósi, að Churchill, *maðurinn sem væri að vinna þetta stríð*, fullkomnaði nú það verk, sem hann byrjaði fyrir 30

árum, þegar hann kom á atvinnuleysistryggingunum, sem þá áttu sér enga hlíðstæðu utan Englands.

Ég hefi orðið var við það, að ýmsir halda að alþýðutryggingarnar í Englandi standi ekki á sérlega háu stigi. Þetta mun ef til vill hvað snertir sjúkratryggingarnar, sem nú eru orðnar aftur úr, en á flestum öðrum sviðum trygginganna munu Englandsingar standa jafnfætis eða framar flestum öðrum þjóðum. En nú virðast flestir málsmetandi menn í Englandi hallast að því, að það beri að endurbæta alþýðutryggingarnar mjög verulega, hvort sem það nú verða nákvæmlega tillögur Beveridge, sem framkvæmdar verða eða aðrar. Þetta er talsvert umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga. Við höfum mjög stuttu reynslu í þessum efnum ennþá. Ég held að ég fullyrði ekki of mikið, heldur fari aðeins með staðreyndir, sem reynslan hefir sannað, þó ég segi að svo að segja hvarvetna þar sem alþýðutryggingum hefir verið komið á, þá hafa þær verið fullkomnaðar smám saman, gerðar viðtækari og betri í stað þess að stíga til baka og draga úr þeim eða leggja þær niður.

Þegar hin fyrsta mótstaða hefir verið yfirunnin og hinir fyrstu byrjunarörðugleikar sigradír, þá hafa alþýðutryggingarnar smám saman eflist og dafnað, þar til þær eru orðnar virðuleg og mikilsverður þáttur í þjóðlífi hverrar þjóðar.

*Markmiðið.*

Snúum okkur þá að tillögum prófessors Beveridge. Eins og ríkisstjóri tók fram í ræðu sinni, sem ég gat

um áður, eiga þær að veita þegnum þjóðfélagsins *öryggi gegn skorti*, það er að segja tryggja öllum uppfyllingu nauðsynlegustu lífsbarfa sinna.

Í Englandi og víða annars staðar hafa farið fram yfirgripsmiklar rannsóknir á orsökum þess, að fólk lifur skort í nútímapjóðfélagi, þar sem framleiðslan og þar með þjóðartekjur eru orðnar svo miklar, að enginn þarf að lifa skort þess vegna. Niðurstaða þessara rannsókna allra er í stórum dráttum alls staðar hin sama:

Langoftast, eða í  $\frac{3}{4}$  til  $\frac{5}{6}$  af tilfellunum, stafar skorturinn af því að hlutaðeigandi hefir misst getuna til þess að afla sér tekna. Ástæðurnar til þess eru þessar aðallega: sjúkdómar, slys, örorka, elli og atvinnuleysi. Gegn öllu þessu má skapa öryggi með tryggingum. Í hérumbil öllum þeim tilfelnum, þar sem ástæðan ekki var sú, sem fyrr greinir, eða  $\frac{1}{6}$  til  $\frac{1}{4}$  af tilfellunum, stafaði skorturinn af því að tekjurnar nægðu ekki fyrir þörfunum vegna þess, hve stór eða barnmörg fjölskyldan var. Til þess að hægt væri að útrýma skortinum á lífsnauðsynjum, þarf því að tryggja fólkið gegn því, ef það missir getuna til þess að afla sér tekna af einhverjum ástæðum, og ef það hefir ónógar tekjur vegna ómegðar. Ómaga tryggingarnar eru eitt aðalnymælið í tillögum Beveridge og rökstuðningurinn fyrir þeim er ekki aðeins að þær miða að því að útrýma skortinum, heldur einnig nauðsynin á því að gera allt sem hægt er til þess að viðhalda kynstofninum. Í Englandi, eins og flestum öðrum menningaríöndum, hefir feðingum fækkað svo mjög á undangengnum áratugum, að ekki er fyrir-

sjáanlegt annað en að þeim fækki beinlínis á næstu áratugum, eða a. m. k. þeim aldursflokkum, sem mestan þátt eiga í framleiðslunni. Aftur á móti mun hluti gamalmenna vaxa.

Þegar þeir hittust á Atlantshafi, Roosevelt forseti og Churchill og gáfu yfirlýsinguna frægu — Atlantshafssáttmálan, — lögðu þeir mikla áherzlu á það, að almenningi yrði tryggt „félagslegt öryggi eftir stríðið“. Það er eitt af þeim markmiðum, sem hinar sameinuðu þjóðir hafa sett sér, um leið og þær setja sér það markmið að vinna stríðið.

Beveridge segir um áætlun sína að hún eigi að gera orð Atlantshafssáttmálans um félagslegt öryggi að veruleika, þannig, að sérhverjum brezkum borgara *sem vill vinna* — og á það leggur hann áherzlu — á meðan hann geti og hafi tækifæri til þess — sé tryggt — ar nægilegar tekjur til þess að veita sér og fjölskyldu sinni hið nauðsynlegasta lífsviðurværi.

Þetta um markmið áætlunarinnar, en snúum okkur svo að aðalatriðum hennar,

#### *Iðgjöldin.*

Áætlunin felur í sér geysilega skipulagsbreytingu á öllum tryggingarmálum Englands. Í fyrsta lagi nær hún til hvers einasta borgara landsins, ekki aðeins til hinna efnaminni, allir eru tryggðir, svo að segja frá vöggu til grafar, án tillits til aldurs eða þjóðfélagsstéttar. Hér er því um raunverulega *áímanna-tryggingu* að ræða.

Í öðru lagi eru allar hinar mismunandi greinar alþýðu trygginga sameinaðar í eina tryggingu, hver

maður fær *eitt* tryggingarskirteini og greiðir *eitt* vikulegt iðgjald. Iðgjaldagreiðslan fer fram í því formi að límd eru sérstök tryggingarfrimerki á tryggingarskirteinið.

Þessi skipulagsbreyting ætti að gera tryggingarnar miklu einfaldari og skiljanlegri fyrir almenning, auk þess sem það sparar margvislega árekstra á milli hinna einstöku tryggingargreina. Hversu oft verða menn ekki að fara frá Heródesi til Pilatusar til þess að fá afgert hvaða stofnun þetta og þetta tilfelli heyrir undir, auk þess sem innheimta iðgjalda er í mörgu lagi o. s. frv.

Nú verða allar tryggingarnar greiddar úr einum allsherjartryggingarsjóði, sem hefir sína umboðsmenn og skrifstofur um allt landið, en hin æðsta stjórn trygginganna er hjá nýju ráðuneyti, sem kallað verður ráðuneytið fyrir félagslegt öryggi.

Það, sem menn spyrja venjulega um í sambandi við alþýðtryggingarnar er þetta: Hversu há iðgjöld á almenningur að borga? Hver ber kostnaðinn, að öðru leyti og hvað láta tryggingarnar fólkinu í té, hver eru hlunnindin? Ég skal nú víkja að þessum atriðum í sömu röð.

Því miður er erfitt að gera nákvæma grein fyrir hinni fjárhagslegu hlöð trygginganna vegna þess hve óvíst er með allan samanburð á verðgildi enskra og íslenskra peninga. Ef miðað er við *núgildandi* gengi þá lætur nærri að þau iðgjöld, sem fullorðinn launþegi á að greiða, séu 5,50 kr. á viku eða um kr. 24,00 á mánuði. Unglingar á aldrinum 16—21 árs og konur greiða nokkuð lægri iðgjöld. Fyrir hvern launþega,

sem atvinnurekandi hefir í þjónustu sinni, greiðir hann um kr. 17,00 á mánuði. Iðgjöldunum er haldið eftir af kaupum launþeganna.

Það getur verið að mörgum finnist þetta há iðgjöld, en vert er að hafa í huga, að þetta er *eitt sameinað* iðgjald fyrir allar tryggingarnar.

Er hægt að vænta þess að almenningur geti greitt þessi iðgjöld? Þessu svarar Beveridge með tvennu: Í fyrsta lagi sýndu þær rannsóknir, sem gerðar voru fyrir stríð, að menn eyddu almennt hærri upphæðum í tryggingar, — skyldtryggingar og frjálsar tryggingar — en svaraði til þessara iðgjalda, útgjöld, sem menn nú losna við a. m. k. að mestu. Þess skal getið, að hinar frjálsu tryggingar eru margfalt útbreiddari í Englandi en hér á landi, tryggingarskirteinin eru meir en tvöfalt fleiri en fólksfjöldinn. Í öðru lagi gengur Beveridge beinlínis út frá tveimur forsendum: að atvinnuleysið verði miklu minna eftir stríði en fyrir stríð, og að tekjuskiptingin verði jafnari, t. d. þannig að ákveðin verði lágmarkslaun á öllum sviðum. Þetta kunna að sýnast djarfar forsendur, en þær sýna að tillögurnar eru aðeins hugsaðar sem einn liður í þeim félagslegu umbótum, sem mestu framfaramenn Breta gera nú ráð fyrir að verði á öllum sviðum eftir stríðið.

#### *Hver ber kostnaðinn?*

Eins og ég tók fram áður, eru iðgjöldin jafnhá fyrir alla karla, en nokkru lægri fyrir konur og unglínga. Hins vegar er enginn munur gerður eftir efnahag eða tekjum fólks. Ætlast Beveridge til að skattalög-

gjöfin taki nægilegt tillit til þess aðstöðumunar og enn fremur að folkio lífi svo á að það kaupir sér tryggingu með framlögum sínum, án þess að heimta tryggingarnar af því opinbera, án nokkurs verulegs mótfamlags af sinni hálfu. Þó fer því fjarrí að þeir, sem iðgjöldin borga, hinar tryggðu, beri allan kostnaðinn af tryggingunum, enda væri engin sanngirni í því, þar sem undir tryggingarnar falla nú ýmis konar útgjöld, sem hið opinbera, ríki, eða sveitafélag, hafa áður greitt að meiru eða minna leyti og auk þess er það almennt viðurkennt, að hið félagslega öryggi borgaranna, öryggið gegn því að þeir líði skort, sé eitt af þeim sjálfsögðustu sameiginlegu verkefnum þeirra, sem þeir eiga að taka þátt í að greiða í hlutfalli við greiðslugetu sína, það er að segja með sköttum til hins opinbera.

Að þetta er líka tilætlunin sést best á því að áætlað er að hin eiginlegu iðgjöld nægi aðeins til þess að greiða  $\frac{1}{4}$  hluta af bóttagreiðslunum til hinna tryggðu og er þó gert ráð fyrir að ómagastyrkirnir séu greiddir að fullu af hinu opinbera. Hina  $\frac{3}{4}$  hluta af kostnaðinum greiðir ríkið og atvinnurekendurnir.

#### *Hvað fá hinar tryggðu?*

En hvað fá þá borgarnir í aðra hönd fyrir iðgjöld sín og skattaframlög? Hver eru hlunnindin, sem tryggingarnar eiga að veita?

Eins og ég tók fram í upphafi, er markmið þeirra að tryggja hverjum þjóðfélagsþegni, sem vill leggja fram krafta sína til þess að vinna þegar hann getur það, lágmarkstekjur til þess að geta veitt sér allar

brýnustu lífsnauðsynjar, sem hann þarf í nútímapjóðfélagi. Þess vegna gripa tryggingarnar inn í þeim tillitum fyrst og fremst þegar tekurnar bregðast af einhverjum orsökum, sem eru mönnum ósjálfráðar, eða þegar þörfin fyrir auknar tekjur er sérstaklega mikil, t. d. vegna ómegðar eða í sambandi við giftingu, fæðingu eða dauða. En einmitt vegna þess að hér er um tryggingar að ræða, en ekki fátækraframaerslu í eldri skilningi þess orðs, eru bæturnar greiddar án nokkurrar rannsóknar á efnahag fólks í hverju einstöku tilfelli, þær eru greiddur sem *réttur* eftir fyrirfram ákveðnum reglum og yfirleitt um óákveðinn tíma, meðan þörfin er til staðar, t. d. eru slysa-bætur — dagpeningar — greiddar meðan maðurinn, sem fyrir slysi varð, er óvinnufær eða öryrki, atvinnuleysistyrkir meðan hann er atvinnulaus o. s. frv. Það er ekki spurt um hvort maðurinn hefir slasast við tryggingarskylda vinnu eða undir öðrum kringumstæðum.

Hlunnindunum má skipta í þrjá aðalflokkka. Í fyrsta lagi peningagreiðslur, venjulegar ákveðnar upphæðir á viku, en þó einstaka sinnum. upphæðir greiddar í eitt skipti fyrir öll, í öðru lagi ómagastyrkir, og í þriðja lagi ókeypis lækni- eða sjúkrahjálp. Ætlast er til að ákveðinn hluti af iðgjöldunum renni til heilbrigðismálanna, en að öðru leyti er sjúkrahjálpin skilin frá tryggingunum og lögð í hendur heilbrigðismálaráðuneytinu. Það á að sjá öllum borgurum landsins fyrir ókeypis sjúkrahjálp og greiðist hún af því opinbera að svo miklu leyti, sem sá hluti iðgjaldanna, sem til þess er ætlaður, nægir ekki til þess. Hvernig

þessum málum verður nánar fyrir komið, er ekki sagt í áltíti Beveridge, það er öðrum aðilum ætlað að gera tillögur um.

Stú sjúkrahjálpar, sem hér er um að ræða og fólk á rétt á að fá frá heilbrigðisfyrirvöldunum, er fyrst og fremst læknihjálpar, lyf og sjúkrahúsvist. En auk þess greiðir tryggingin óvinnufærum mönnum ákveðna peningaupphæð á viku (dagpeninga eða öllu heldur vikupeninga, þar sem þeir eru greiddir vikulega), á meðan þeir eru óvinnufærir, hvort sem það er af völdum sjúkdóma eða slysa.

Slíkir dagpeningar eða lífeyrir eru yfirleitt alltaf greiddir fólk á vinnualdri, — sem er 16—60 ár, fyrir konur og 16—65 ár fyrir karlmenn, — ef það missir vinnutekjur sínar af einhverjum ástæðum. Aðeins ein tegund styrkja er greidd samtímis, og er upphæð þeirra miðuð við það, að hún nægi til þess að standast kostnað af nauðsynlegasta lífsframfæri. Áætlað er að þessir vikupeningar verði um 52 kr. á viku eða um 225 kr. á mánuði fyrir barnlaus hjón, en auk þess eru greiddar rúmar 10 kr. á viku fyrir hvert barn innan 16 ára og rúmar kr. 20 á viku fyrir aðra ómaga, sem ekki njóta sjálfstæðis styrks. Segjum að um sé að ræða 5 manna fjölskyldu, hjón, 2 börn innan 16 ára og auk þess einn ungling eldri en 16 ára, sem til dæmis gengur í skóla og hefir því ekki atvinnu. Þá eru vikupeningar fjölskyldunnar, ef maðurinn slasast, veikist eða verður atvinnulaus, tæpar 95 kr. á viku eða nokkuð yfir 400 kr. á mánuði.

Þessar tölur eru útreiknaðar eftir núverandi gengi á enskum peningum, en gefa sennilega alls ekki rétta

hugmynd um það, hversu háar bæturnar eru, vegna þess að verðhækkun hér á landi er margfalt meiri en verðhækkunin í Englandi.

Sams konar og jafn háir vikupeningar og greiddir eru atvinnuleysingjum og þeim sem verða óvinnufærir vegna sjúkdóma og slysa — þar á meðal eru einnig varanlegir öryrkjar, — eru einnig greiddir gömlu fólkum sem ellilaun, körlum frá 65 ára aldri og konum frá 60 ára aldri. Þó eru upphæðirnar, sem gamla fólkinu eru greiddar, nokkru lægri fyrstu 20 árin, sem tryggingarnar starfa, en smáhækka á þessu tímabili.

Ef þessi ellilaun hrökkva ekki til ásamt öðrum tekjum um gamalmennanna, verða þau því að sækja um eilistyrk til hins opinbera og er slíkur styrkur veittur eftir mati. Ef fólk frestar því að taka við ellilaunum og heldur áfram störfum sínum, hækka ellilaunin nokkuð fyrir hvert ár, sem beðið er.

Þyöngarmestu þættir trygginganna eru án efa þeir, sem ég hefi minnst á, sjúkratryggingin, viku- eða dagpeningatrygging sjúkra, slasaðra, öryrkja, gamalmenna og atvinnuleysingja. Hvað aðra þætti trygginganna snertir, verð ég að fara fljótt yfir sögu og eru þar þó ef til vill ýms eftirtektarverðustu nýmælin í tryggingarmálunum.

Ómagatrygginguna hefi ég þegar dregið á. Þegar foreldrarir sjálfir fá greidda vikupeninga, fá þeir eins og ég gat um áður, greiddar rúmar 10 kr. á viku með hverju barni. En þó svo standi ekki á, er sama upphæð greidd með öllum börnum nema með fyrsta barninu í hverri fjölskyldu.

Konurnar eru yfirleitt gerðar miklu rétt hærrí i



Þessum tillögum, en átt hefir sér stað áður í trygg-  
ingunum. Giftar konur eru beinlínis gerðar að sér-  
stökum tryggingarflokki, þó þær að vísu borgi ekki  
iðgjöld sjálfar, nema þær haldi atvinnu sinni og óski  
eftir að tryggja sig áfram. Þegar kona giftist fær hún  
útborgaða smáupphæð, allt að 260 kr. eftir því hvað  
hún hefir greitt í iðgjöld áður en hún giftist.

Þá eru greiddir fæðingastyrkir og vikupeningar í  
13 vikur fyrir og eftir barnsburðinn. Í vissum tilfell-  
um er giftum konum trygð húshjálp í veikindum.

Þá eru sérstakir ekkjustyrkir. Ef kona á vinnualdri  
missir mann sinn fær hún ekkjustyrk í 13 vikur. Ef  
hún á ung börn fær hún eftir þann tíma sérstaka  
greiðslu fyrir að sjá um uppeldi þeirra. Ásamt ómaga-  
tryggingunni eiga þessar greiðslur að nægja henni til  
naðsynlegs lífsframfæris, þó hún hafi ekki aðra  
vinnu en að sjá um börnin. Ef maðurinn hefir dáið  
við slysatryggða vinnu fær ekkjan greidda ákveðna  
upphæð í eitt skipti fyrir öll, en tryggingarstofnunin  
eða ráðuneytið eru með í ráðum um ráðstöfun þeirrar  
upphæðar.

Við hvert mannslát er ættingjum hins látna greidd  
ákveðin upphæð sem jarðarfararstyrkur.

#### *Einn þáttur þess, sem koma skal?*

Ég ætla ekki að fara lengra út í einstök atriði. Að  
hinar ýtarlegu tillögur Beveridge verða ekki raktar til  
hlítar í stuttu máli skilst mönnum á því að skýrslan  
er 300 bls. bók með þéttu letri, auk fylgiskjala.

Ég býst við að það sé ljóst, að hér er um mjög við-  
tækar og almennar tryggingar að ræða og að reynt

er, eftir því, sem gerlegt er, að ná til allra þeirra  
alגעngustu fyrirbrigða, sem skapa skort í þjóðfélaginu.  
Nú mega menn ekki skilja það svo, að allar þessar  
greiðslur séu af hendi inntar af hálfu trygginganna  
fyrirvaralaust. Vitánlega eru slegnir ýmsir varnagar  
og ýms skilyrði sett, en út í þá sálma er því miður  
ekki tími til að fara að þessu sinni.

Með því að hafa tryggingarnar svo viðtækar eins  
og ég hefi nú greint, er ætlast til að langmestur hluti  
hinnar opinberu framfærslu, eins og hún er í dag, geti  
fallið niður. Þó verða alltaf eftir einstök tilfelli, sem  
smjúga í gegnum möskva sérhverrar tryggingar. Ýms-  
ir ófélagsþæfir vandræðamenn geta ekki orðið trygg-  
inganna aðnjótandi. Þarfir einstakra manna geta og  
af ýmsum ástæðum verið óvenjulega miklar, svo hon-  
um nægja ekki bætur trygginganna o. s. frv.

Fyrir slíku verður að sjá með opinberri framfærslu  
og verður hún því að vera til áfram, þótt starfssvið  
hennar verði miklu minna en áður, ef tillögur Beve-  
ridge ná fram að ganga, og reynast framkvæman-  
legar.

Í tillögum sínum gerir Beveridge ráð fyrir, að hið  
nýja skipulag verði upp tekið 1. júlí 1944, en til þess  
að það geti orðið, þarf þingið að ákveða mjög fljót-  
lega að svo skuli verða, því vitánlega þarf nokkurn  
tíma til þess að undirbúa slíka gjörbreytingu, ef ekki  
á allt að fara í handaskolum.

Beveridge segir sjálfur um tillögur sínar, að í þeim  
sé hagnýtt að fullu sú reynsla, sem fengist hefir í  
fortíðinni, en um leið sé ýtt til hlíðar allskonar sér-  
hagsmunum, sem orðið hafa til á reynslutímanum. Nú

sé ófriðurinn að afnema öll landamerki utan lands og innan, þá sé tækifæri til þess að nota reynsluna til þess að gera breytinguna til hlítar. Síðan segir hann orðrétt:

„Nú er byltingaragnablik í sögu heimsins, þá er sá rétti tími til byltingar í stað þess að bæta gamalt fat.“

En verða tillögur Beveridge annað en draumur stórhuga manns, sem er á undan sínum tíma? Eru líkur til þess að þær verði framkvæmdar í náinni framtíð? Þeirri spurningu er ég ekki umkominn að svara.

Hitt er víst að tillögurnar hafa vakið gífurlega athygli og umræður.

Yfirleitt hafa þær fengið góðar viðtökur hjá blóðunum, þótt ýmislegt í þeim sé gagnrýnt. Brezka Alþýðusambandið og brezki Albýðuflokkurinn hafa lýst sig þeim fylgjandi í öllum aðalatriðum, sömuleiðis mun afstaða frjálslynda flokksins vinsamleg. Hins vegar er afstaða stærsta þingflokksins, íhaldsmanna, enn óákveðin.

Gegn einu atriði í tillögunum, sem þó ekki beinlínis snertir alþýðuþryggingarnar, hefir þegar komið fram mögnuð andstaða frá þeim, sem þar eiga hagsmuna að gæta. Þetta er tillagan um að þjóðnýta starfsemi líftryggingarfélaganna að allverulegu leyti. Beveridge segir sjálfur að vel megi framkvæma tillögurnar, án þess þetta nái fram að ganga.

Aðalröksemdin, sem hann færir fyrir því að ríkið taki líftryggingarstarfsemina í sínar hendur, er hinn gífurlega mikli rekstrar kostnaður tryggingarfélaganna. Rúmlega 36% af iðgjöldunum fóru í kostnað að meðaltali árin 1937—'40.

Það vakti nýlega mikla athygli í Englandi er einn stríðsstjórnarráðherrann, Casey, sem hefir haft aðsetur sitt í Egyptalandi undanfarið, lét svo um mælt í ræðu, að það sem hermenn 8. hersins töluðu mest um sem steði, væri tillögur Beveridge. Það var sem sé hvorki Rommel né sóknin til Tripolis. Ef til vill hafa þessi ummæli vakið meiri athygli vegna annars atburðar, sem biðunum varð einnig tíðrætt um. Sérstök deild í hermálaráðuneytinu, sem sér um fræðslu-starfsemi á meðal hermanna, hafði gefið út ritið um tillögur Beveridge, en einhver æðri máttarvöld í sama ráðuneyti höfðu komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri ekki heppileg lesning fyrir hermennina og því bannað ritið.

Þannig er ýmislegt, sem bendir til þess, að allmikil átök muni verða um tillögurnar áður en lýkur.

Mitt í hernáðarátökunum brjóta menn nú hvarvetna heilann um þjóðskipulagið, sem koma eigi eftir stríðið. Meginþorri almennings virðist sammála um það, að sama skipulagið og ríkjandi var fyrir stríðið megi ekki haldast óbreytt. Ef svo verði, sé í rauninni til einiskis barizt. Átökin um hið nýja skipulag eru að hefjast áður en stríðinu er lokið. Tillögur Beveridge eru einn þátturinn í þessum átökum. Þær eru hugsanleg lausn á mörgum af þeim vandamálum, sem þjókuðu líf fólksins fyrir stríðið, en þær eru aðeins hluti af lausninni. Á það leggur enginn meiri áherzlu en höfundur þeirra sjálfur. Viðs vegar í löndum lýðræðisþjóðanna er þess beðið með eftirvæntingu hver verði afrif þeirra.

# Útvegsbanki Íslands h.f.

Reykjavík

ásamt útibúum á Akureyri,  
Ísafirði, Seyðisfirði, Siglu-  
firði og Vestmannaeyjum.

Annast öll venjuleg bankaviðskipti  
innanlands og utan, svo sem inn-  
heimtur, kaup og sölu erlendis  
gjaldveysis og svo framvegis.

Tekur á móti fé á hlaupareikning  
eða með sparisjóðskjörum, með eða  
án uppsagnarfrests. Vextir eru lagðir  
við höfuðstól tvisvar á ári.

Ábyrgð ríkissjóðs er á öllu spari-  
sjóðsfé í bankanum og útibúum  
hans.

# Búnaðarbanki Íslands

Austurstræti 9

Reykjavík

Útibú á Akureyri

Bankinn er sjálfstæð stofnun,  
undir sérstakri stjórn og er eign  
ríkisins. Trygging fyrir i nn-  
stæðufé er ábyrgð ríkisins, auk  
eigna bankans sjálfis.

Bankinn annast öll innlend  
viðskipti og tekur á móti fé í  
sparisjóð og hlaupareikning.

**Westinghouse** smíðar svo að segja allar tegundir rafmagns-  
tækja. Minnstu mótor, sem notaðir  
eru, og þá stærstu sem þekkjast.

*Sá, sem kaupir Westinghouse  
vörur kaupir bestu vörur.*

Einkaumboð fyrir  
Ísland helur

**Eiríkur Hjartarson**

Laugaveg 20 · Reykjavík · Símar 4690 - 5090

Kaupum fisk  
og síld.

Sérgrein: Harð-  
fisksverkun fyrir  
erlendan og  
innlendan markað.

**H.f. MALIR**

Hafnarfirði · Sími 9238

## *Beztu öryggið*

gegn afleiðingum slysa er

## slysatrygging

Hjá TRYGGINGARSTOFNUN RÍKISINS  
getið þér keypt slysatryggingu gegn  
dauda og örorku, svo og dagpeninga í  
slysa- og veikindaförðum. Einnig trygg-  
ing á farþegum í einkabifreiðum. Talið  
við oss um, hvaða trygging eða trygg-  
ingarupphæð mumi henta yður best.

## Tryggingarstofnun ríkisins

slysatryggingardeild · Alþýðuhúsinu · Sími 1074



IÐNO

UPPI:

Góðar veitingar í leik-  
hlúnum.

NIÐRI:

Sælgæti og kaldir  
drykkir.

„Gamalla blóma sangan“

Almvötn . Hárvötn

Vinsælar og hentugar jólagjöfir.

Verð við flestra hæfi.

Fást í smáðlu í fjölmörgum verzlunum.

Einkasala til verzlana og rakara

ljú

**Afengisverzlun ríkisins**

**Independence**

*elddögg*

kosta **12 aura** stökkurinn í  
Reykjavík og Hafnarfróði,

**13 aura** stökkurinn annars  
staðar á landinu.

Fást í öllum verzlunum.

**NY BÓK!**

*Brunabótafélag Íslands  
Tuttugu og fimm ára starf*

Yfirlit brunatryggingarmála á Íslandi.  
Fæst hjá bóksöllum. ---

Ú T G E F A N D I.

*40 og 60 gramma blökk-  
dósir undan skornu nef-  
tóbaki verða keyptar alla  
virkja daga á Lindarg. 36  
Dósinar mega ekki vera  
ryðgaðar og verða að vera  
að öðru leyti ógallaðar.*

**Guðbjörg Jónsdóttir**

Lindargötu 36, Reykjavík

## **Bæjarútgerð Hafnarfjarðar**

*Símar:*  
9117, 9118 og 9107

*Símnafni:*  
Bæjarútgerð

*Seljum:*

**Kol & salt**

*Kaupum:*

**Fisk**

## **Alþýðubrauðgerðin h.f.**

Er brauðgerð fjöldans.

Ávallt á næstu grösum.

### **Alþýðubrauðgerðin**

Reykjavík,

Hafnarfirði,

Keflavík,

Akranesi.

## **Alþýðubrauðgerðin h.f.**